

**Ed. 456. Breytingartillögur [90. mál]**

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 75 21. júní 1973, um Hæstarétt Íslands.

Frá Ólafi Ragnari Grímssyni.

1. Í frv. bætist ný gr. sem komi á eftir 2. gr. og orðist svo:  
3. mgr. 2. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 24/1979, orðist svo:  
Dómurinn ákveður jafnan, hve margir dómara skipi dóm. Dómara skulu taka sæti í dómum eftir röð sem ákveðin er með almennri reglu.
2. Við 4. gr. frv. bætist:  
Ráðning hæstaréttarritara og sérfróðra aðstoðarmanna skal vera með þeim hætti, að stöðurnar séu auglýstar lausar til umsóknar og dómnefnd meti hæfni umsækjanda.
3. **Aðaltillaga:**  
Ákvæði til bráðabirgða falli niður.

**Varatillaga:**

Í stað ákvæðis til bráðabirgða komi nýtt ákvæði svohljóðandi:  
Frá upphafi ársins 1983 skal Hæstiréttur skipaður 11 dómurum og skal skipan nýrra dómara vera skv. 2. gr. laga nr. 24/1979. Nú losnar staða fasts dómara í Hæstarétti eftir þennan tíma og skal þá hvorki skipa né setja dómara í hans stað. Þetta gildir þó aðeins um fjórar fyrstu stöðurnar sem þannig losna.